

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hafnarhaus.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Hafnarhaus. Stofnunin starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að skapa þverfaglega nýsköpunarmiðstöð. Stofnunin sér um að útvega leigurými fyrir vinnu- og lærdómsaðstöðu skapandi greina í miðborg Reykjavíkur og verður áhersla lögð á að aðstoða skapandi einstaklinga sem eru að stíga sín fyrstu skref á sínu sviði. Fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar skal ráðstafa í leigu og rekstur rýmis sem nýtist fyrir vinnu- og lærdómsaðstöðu fyrir skapandi greinar í miðborg Reykjavíkur. Í því felst m.a. allur rekstrarkostnaður fasteigna, starfsmannakostnaður, kynningarkostnaður og annar nauðsynlegur kostnaður.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er framlag frá stofnanda hennar, UENO ehf., kt. 430214-0120, kr. 1.351.000 í peningum.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnanda hennar.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru leiga af skrifstofuhúsnæði, fundarherbergjum, viðburðum, vinnustofum og önnur rýmistengd leiga auk annarra fjárframlaga. Mun stofnunin leigja húsnæði af Reykjavíkurborg sem nýtist í samræmi við markmið hennar, þar sem skapandi einstaklingar geta fengið hentug rými og aðstöðu til að stunda sínar greinar.

Eina milljón af stofnfé, auk verðbóta, má ekki skerða, en vöxtum, áheimum og öðrum gjöfum sem stofnuninni kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang hennar samkvæmt 2. grein.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur aðilum og þremur til vara. Stjórnin skal skipuð til eins árs í senn. Haraldur Ingi Þorleifsson, kt. 020877-3089, tilnefnið fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Gengið skal frá skipun fyrstu stjórnar stofnunarinnar á stofnfundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir hana.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

6. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

8. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabilið frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

9. gr.

Skipulagsskrá stofnunarinnar verður ekki breytt eða stofnunin lögð niður nema með samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Verði stofnunin lögð niður skal hreinum eignum hennar ráðstafað í samræmi við tilgang stofnunarinnar.

10. gr.

Þar sem ákvæði skipulagsskrár þessarar ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 8. ágúst 2022.

Birna Ágústsdóttir.

Auður Steingrímsdóttir.